



Umhverfis- og samgöngunefnd

Kópavogi, 15. júní 2021
1911318/700.00 BR

Efni: Umsögn umhverfissviðs

Á fundi umhverfis- og samgöngunefndar þann 19. nóvember 2019 var vísað til umsagnar tillaga Indriða Stefánssonar um að settir verða upp speglar við gatnamót þar sem hjól þvera umferð ökutækja sem hyggjast beygja til hægri.

Um er að ræða svokölluð hægribeygju óhöpp þar sem ökutæki koma samhliða reiðhjólum í sömu akstursstefnu en beygja svo til hægri í veg fyrir reiðhjólið sem ætlar að halda áfram í sömu átt og áður.

Almennt er notkun spegla við gatnamót eða blindhorn hér á landi plöguð af ýmskonar vandamálum. Speglnir taka á sig mikinn vind og aflagast stilling þeirra nokkuð oft eða festingar brotna. Talsvert er um skemmdarverk á speglunum þó þeim fari fækkandi og einnig sest tjara og önnur götuóhreinandi á speglana að vetrarlagi sem dregur úr virkni þeirra.

Samkvæmt reynslu erlendis frá er í Hollandi lagt gegn notkunar á speglum þar sem reynslan hefur sýnt að uppsetning á slíku dragi ekki úr slysum við aðstæður þar sem hætta er á hægribeygju óhöppum. Einnig er bent á að vandamál tengt viðhaldi og rekstri speglanna þó ekki sé tekið fram hverskonar vandamál það séu.

Í Freiburg í Þýskalandi hafa verið settir upp um það bil 400 speglar en ekki er hægt að meta marktækan árangur af verkefninu. En yfirvöld þar telja að aðgerðin hafi ekki skilað árangri þar sem hægribeygju óhöppin gerast tilviljakennt og til að koma í veg fyrir óhöpp þyrfti að setja upp spegla við hver einustu gatnamót.

Í Englandi hafa yfirvöld ekki séð neinn árangur af uppsetningu spegla við gatnamót en hafa heldur ekki séð að uppsetning þeirra dragi úr umferðaröryggi hjólreiðafólks.

Þær lausnir sem nefndar hafa verið í öðrum löndum eru m.a. fræðsla til bæði ökumanna og hjólreiðafólks. Aðgreining bíla- og hjólaumferðar á gatnamótum. Að stöðvunarlína fyrir bíla sé aftar en stöðvunarlína hjóla. Ljósastýrð gatnamót fyrir bæði bíla og hjól.

Virðingarfyllt,

Birkir Rútsson
Deildarstjóri gatnadeildar